

Saga 3CG05

Rómanska Ameríka.

Áfanginn er valáfangi í sögu á 3ja þrepi.

Undanfarar: Tveir áfanga í sögu.

Stutt lýsing á efni áfangans: Í áfanganum verður fjallað um ýmsa þætti menningarsögu Rómönsku Ameríku síðustu 500 ár. Markmið áfangans er að nemendur kynnist í stórum dráttum sögu Rómönsku Ameríku og ákveðnum menningarþáttum svæðisins. Jafnframt að nemendur íhugi samspil sögunnar við nútímasamfélag sem við sjáum í fjölmiðlum í dag.

Nokkur lykilhugtök áfangans: Astekar, Mayar, Inkar, Hernán Cortés og aðrir landvinningarmenn, nýlendur, sjálfstæðisbarátta, þjóðernishyggja, byltingar og Fidel Castro, kalda stríðið, „narcos“, tango, Frida Kahlo og aðrir listamenn.

Námsmat: Verkefni, tímapróf og ritgerð.
